

Vinnuregla fyrir útgáfu lyfjaskírteinis

Strattera

ATC flokkur: N 06 BA 09 - Atomoxetín

Dagsetning: 1. mars 2010

Skilyrði fyrir útgáfu lyfjaskírteinis

- Truflun á virkni og athygli – ADHD (Attention Deficit Hyperactivity Disorder) **ICD-10 F90**.
- Metýlfenídat skal að öllu jöfnu vera fyrsta val við meðferð á ADHD, undantekning má gera ef fyrir liggur sjúkdómsgreiningin ADHD en meðferð með örvandi lyfjum sé óæskileg vegna annarra sjúkdóma svo sem Tourette heilkenni í viðbót við ADHD eða saga um ávana- og fíknisjúkdóm eða sérstakar aðstæður aðrar þar sem Strattera er ótvírætt talið fyrsta val. Ef óskað er eftir lyfjaskírteini fyrir Strattera sem fyrsta val í meðferð, skal góður læknisfræðilegur rökstuðningur fylgja.
- Barnalæknar með sérþekkingu á þroskaröskun barna og unglunga, barna- og unglिंगageðlæknar og barnataugalæknar skulu sækja um lyfjaskírteini í fyrsta sinn. Vegna fullorðinna einstaklinga skal geðlæknir með reynslu af meðferð á ofvirkni með/án athyglisbrests sækja um greiðslubátttöku. Í þeim tilfellum sem viðkomandi einstaklingur hefur ekki greiðan aðgang að sérfræðingi og hann er í eftirliti hjá heimilislækni getur heimilislæknir sótt um lyfjaskírteini í samráði við sérfræðing.

Greiðslubátttaka sjúkratrygginga:

E-merkt

Gildistími:

Fullorðnir: 1 ár við fyrstu umsókn og 3 ár við endurnýjun

Börn: 3 ár við fyrstu umsókn og 5 ár við endurnýjun